



# PÉSI

ATH!! Næsti Pési kemur út í maí. Efni þarf að berast í síðasta lagi 1. maí 2020



Frá Bókasafni Hrunamanna

**Lokað vegna covid**



Mínum á breyttan opnunartíma í sumar.

Frá og með 1. maí – 31. ágúst:

Mánudaga Kl. 19-20

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga **LOKAÐ**


Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  facebook.

Með óskum um gleðilega páska fylgja nokkrir bókamálshættir:

Blindur er bóklaus maður.

Fyrir mörgu gerir bókinn ráð.

Allir eru á eina bókina lærðir.

EKKI verður bókviðið í askana látið.

Bók er best vina.

Betra er berfættum en bókarlausum að vera.



Easter Lily



# Gleðilega páska

Apríl 2020  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson  
Heimasíða: [www.fludir.is](http://www.fludir.is)

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -  
[svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is)

30. árgangur.  
348.tölublað.  
[pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is).  
Sími. 480 6600

## Sveitarstjórapistill

Aprílmánuður er runninn upp og þetta eru nú með skrítnari tímum sem ég hef upplifað. Af því maður náði að upplifa fjármálakreppuna á sínum tíma þá hefur maður meiri áhyggjur af Kóvit 19 og áhrifum hennar að því leyti að þetta snýst bæði um heilsu og heilbrigði fólks og síðan efnahagslegar afleiðingar faraldursins.

Það hefur farið mikil vinna síðustu vikur í að skipuleggja starfssemi sveitarfélagsins í samræmi við fyrirmæli sóttvarnarlæknis og aðrar áætlanir sem gerðar hafa verið. Sem betur fer er Suðurlandið orðið nokkuð áfallaþolið og eru almannavarnir og viðbragðsaðilar á svæðinu undirbúnir undir ýmislegt sem nú getur reynt á. Sem betur fer virðast ekki enn hafa komið upp smit í sveitarfélaginu en það væri nú ótrúlegt ef það gerðist ekki. Hins vegar ef það verður niðurstaðan held ég að við séum ágætlega tilbúin undir það.

Sveitarfélagið hefur hægt á starfssemi sinni í takt við fyrirmæli sóttvarnarlæknis þannig að nú er ýmis þjónusta komin í „sóttkví“. Við verðum því að vera dugleg að nota náttúrleg úrræði til að huga að hreyfingu og annarri heilsuefingu og nota símann og aðra samskiptamiðla til að halda tengslum við þá hópa sem kunna að vera í viðkvæmri stöðu. Þá er mjög mikilvægt að huga að öllum leiðbeiningum sem sóttvarnarlæknir og almannavarnir hafa sett fram því þannig náum við árangri í baráttunni við þennan vágast.

Það verður að hrósa leik- og grunnskóla fyrir lausnarmiðuð viðhorf til að geta haldið uppi starfi í skólunum því það er nokkuð flókið verk. Við höfum lagt áherslu á að fara eftir tilmælum sóttvarnarlæknis til að halda skólustarfi áfram þangað til annað er ákveðið. Það er mikilvægt að börn hafi verkefni í dagsins önn og að skólagangan skerðist sem minnst og einnig getur það hjálpað vinnandi fólki að hafa þennan vettvang klárann fyrir börnin sín.

Ljóst er að þetta allt saman er mikið högg fyrir þá sem reka ferðaþjónstu í sveitarfélaginu en þó þar sé stærsta óvissan mun þetta hafa áhrif á alla. Það mun væntanlega geta haft áhrif á matvælaframleiðendur vegna þess að hótél og veitingastaðir eru lamaðir og önnur þjónusta skert. Samt held ég að okkar samfélag sé þannig samsett úr fjölbreyttum atvinnugreinum að við séum í skárri stöðu en margir aðrir.

Sveitarstjórn hefur ákveðið fyrstu aðgerðir til að hjálpa þeim sem aðilum sem verða fyrir mestu áhrifum Kórónuveirunnar en örugglega þarf að hafa puttann á púlsinum áfram. Það hefur verið tekin ákvörðun um að fresta greiðslum hluta fasteignagjalda hjá þeim sem verða fyrir mestu áhrifunum og óska eftir því. Þá verði ekki rukkað fyrir annað en veitta þjónustu í leikskóla o.fl. Síðan þarf örugglega að vera vakandi með fjárfestingar- og viðhaldsáætlanir og bæta í ef þörf krefur og jafnframt þarf að huga að möguleikum varðandi sumarvinnu fyrir börn og ungmenni ef á þarf að halda. Sem betur fer er sveitarfélagið í þökkalegri stöðu til að bæta tímabundið í þó það taki auðvitað í reksturinn.

Nú er einmitt búið að leggja fram ársreikning Hrunamannahrepps fyrir árið 2019 til fyrri umræðu og verður hann afgreiddur af sveitarstjórn í byrjun maí og niðurstaða hans síðan kynnt á íbúafundi í framhaldinu svo framarlega sem ekki verði þá enn samkomubann. Sveitarfélagið er rekið sem betur fer með nokkrum afgangi sem hjálpar okkur aðeins þegar svona aðstæður koma upp.

Kórónan setur alla viðburði sem við þekkjum næstu vikur í skrytinn búning og ansi margt sem óvissa er um. Það er t.d. hæpið að árlegi rusladagurinn okkar verði haldinn 8. maí eins og til stóð. Messur og annar mannfagnaður er lagstur í dvala og hætt er við því að þessir páskar verði sérstakir. Það var því kannski viðeigandi að geta klárað hið árlega hjónaball áður en Kórónan hefði stoppað það af. Það var reyndar met þátttaka eða um 390 manns þannig að nú er spurning hvort 400 manna marki verði náð á næsta ári. Ég vil þakka sérstaklega hjónaballsnefndinni fyrir frábæra dagskrá og skemmtun því það er mikil vinna sem þau leggja á sig til að skemmta okkur hinum.

Að lokum er rétt að minna á að Vinnuskóli Hrunamannahrepps verður starfræktur í sumar í 5 vikur fyrir 14-16 ára unglinga og er einmitt núna í Pésanum auglýst eftir krökkum sem vilja láta hendur standa fram úr ermum í sumar Einnig vil ég minna foreldra barna á aldrinum 6-16 ára að skoða hvort þeir eigi ekki rétt á að sækja um hvatarstyrki til sveitarfélagsins en frestur til að sækja um þá er til 1. maí nk. Upplýsingar og umsóknareyðublað er hægt að nálgast inn á heimasíðu sveitarfélagsins [fludir.is](http://fludir.is).

Megum við síðan ganga samtaka til verks til að vinna bug á þessu veiruveseni.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

## Íbúð til leigu í Heimalandi.

Laus er til umsóknar íbúð fyrir eldri borgara,  
í Heimalandi á Flúðum.

Skóðað verður með tímabundna almenna útleigu ef ekki  
berast umsóknir fyrir 24. apríl nk.

Áhugasamir hafi samband við skrifstofu  
Hrunamannahrepps í síma 480 6600  
eða á netfang: [hruni@fludir.is](mailto:hruni@fludir.is)



Þessa dagana er verið að vinna að breytingum á Ráðhúsinu.





**LANDSTÓLPI 20**  
ára  
—2000—2020—

**Þú færð rekstrarvörur til heimilis og olíuvörur hjá okkur!  
.....og allt fyrir dýrin....stór og smá!**

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi  
Sími 480 5600 - Opið virka daga 8-17

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum  
Sími 480 5610 - Opið virka daga 9-17

### ***Skrifstofa Hrunamannahrepps.***

#### ***Vegna „Covid“ er skrifstofan lokuð almenningi.***

***Hægt er að ná í starfsfólk í síma eða með tölvupósti  
Opnunartími .***

***Mánudaga til fimmtudaga:  
09:00-12:00 og 13:00-16:00***

***Föstudaga: 09:00-12:00***

**Sími: 480-6600**

**Skrifstofan er lokuð á skírdag 9 apríl, á föstudaginn langa  
10. apríl, á annan í páskum 13 apríl og sumardaginn  
fyrsta 23.apríl.**

### **Vinnuskóli**

Verður starfræktur frá **8. júní** til og með **9. júlí** í sumar.

Miðað er við að umsækjendur séu fæddir  
á árunum 2004–2006.

Umsóknir þurfa að berast fyrir 28. apríl  
á Skrifstofu Hrunamannahrepps eða á netfang  
petur@fludir.is.

Nánari upplýsingar í síma 480 6600  
eða Pétur í síma: 895 6603



# Tilnefningar til umhverfisverðlauna Hrunamannahrepps 2020

Umhverfisnefnd óskar eftir tilnefningum til umhverfisverðlauna Hrunamannahrepps fyrir árið 2020. Hægt er að tilnefna einstaklinga, fyrirtæki, stofnanir og félagastarfsemi fyrir störf í þágu umhverfis í nær eða fjærumhverfi. Tilnefningar ásamt smá rökstuðningi óskast sendar á netfangið [umhverfisnefnd@fludir.is](mailto:umhverfisnefnd@fludir.is) fyrir 1. maí 2020. Einnig er hægt að skila tilnefningum í gegnum facebooksíðu Hrunamannahrepps í einkaskilaboðum. Umhverfisverðlaunin verða afhent 17. júní.

Umhverfisnefnd Hrunamannahrepps



## Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufræðingur

Sími: 858-3399

[graennaland@simnet.is](mailto:graennaland@simnet.is)

## Hvatagreiðslur.

Foreldrar og forráðamenn barna á aldrinum 6–16 ára eru hvattir til að sækja um hvatagreiðslur vegna íþróttá-, lista og tómstundaiðkunar skv. reglum Hrunamannahrepps.

Umsóknarfrestur er til 1. maí vegna vorannar 2020

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á heimasíðu

Hrunamannahrepps, og á Skrifstofu Hrunamannahrepps.

# KRANAÞJÓNUSTA

**B. R. SVERRISSON EHF.**

Sími 864 2499 (Bjarni)  
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter  
2 t spil • Bíll með drifi á framöxl

## Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna  
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



### Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík  
Sími 533-2211 - [www.nesfrakt.is](http://www.nesfrakt.is)  
Beint samband í flutningabíl 773-1626

# Nesfrakt

**Lokað vegna Covid**

## **NUDD - BOWEN - MASSAGE**

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.

Einnig eru fáanleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.



Now it´s available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.

- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -

Sími/Tel: 897-6944 - nilsgudjon@gmail.com -  
facebook.com/NG ehf



**Sundlaugin á Flúðum. Íþróttahúsið á Flúðum**

**Í ljósi aðstæðna eru sundlaug og íþróttahús:**

**LOKUÐ UM ÓÁKVEÐINN TÍMA**



Lokað vegna Covid



# Litla Melabúðin

## FARMERS MARKET

**Vetraropnun / Winter opening hours**

Opíð fimmtudaga til sunnudaga frá kl. 13-17.


Lokað mánudaga til miðvikudaga.

Open from Thursday to Sunday from 1pm to 5pm



MELUM, FLÚÐUM  
HRUNAMANNAHREPP

Melum, Flúðum Hrunamannahrepp

 @litamelabudin

 [www.facebook.com/litamelabudin/](https://www.facebook.com/litamelabudin/)

# Baggamunur

Bókhalds- og skattapjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

[www.baggamunur.is](http://www.baggamunur.is)

[s@baggamunur.is](mailto:s@baggamunur.is)

866-9035

## Flokkunarhornið.

**Í ljósi Covidfaraldursins, er fólk áminnt um að flokka vel og ef grunur er um smit, þá á sá úrgangur að fara í almennt sorp**



**Hjörleifur Ólafsson**  
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is

## Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi í síma 4-800-900 eða á [slökkvitaeki@babubabu.is](mailto:slökkvitaeki@babubabu.is)





Öll almenn smíðavinna,  
nýsmíði, viðhald og viðgerðir  
Slavík Flúðum sími: 888-1975/865-7499



RAFMAGNVERKSTÆÐI  
JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR:  
ALLA ALMENNA  
RAFVIRKJAPJÓNUSTU



SJÁUM UM TEIKNINGU  
OG HÖNNUN  
RAFLAGNA

JENS PÉTUR JÓHANSSON  
893-7101  
RAFJENS@EYJAR.IS

SMÆRRI JAFNT SEM  
STÆRRI VERKEFNI.

RÓBERT EINAR JENSSON  
899-9554  
ROBBIRAF@SIMNET.IS

## Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

## UPPSVEITADEILD LOGA, SMÁRA OG TRAUSTA



Lokakvöld Uppsveitadeildarinnar fór fram í reiðhöllinni á Flúðum 13 mars síðastliðinn. Mikil eftirvænting var í loftinu, tvær greinar eftir, staðan jöfn í liða og einstaklingskeppninni og ljóst að allt gat gerst á lokametrunum. Reynir Örn var efstur eftir forkeppni í tölta og hélt þeirri forystu allt til loka.

### Úrslit urðu eftirfarandi :

1. Reynir Örn Pálmason og Óskar frá Breiðstöðum
2. Hekla Katharína Kristinsdóttir og Lilja frá Kvistum
3. Ragnhildur Haraldsdóttir og Úlfur frá Mosfellsbæ
4. Brynja Amble Gísladóttir og Goði frá Ketilsstöðum
5. Helgi Þór Guðjónsson og Huld frá Arabæ
- 6-7. Bjarni Sveinsson og Agla frá Dalbæ
- 6-7. Hans Þór Hilmarsson og Sara frá Stóra-Vatnsskarði
8. Þorgeir Ólafsson og Snilld frá Fellskoti
9. Kristín Magnúsdóttir og Sandra frá Reykjavík



#### EFSTU KNAPAR Í TÖLT

- |                             |                      |
|-----------------------------|----------------------|
| 1. REYNIR ÖRN OG ÓSKAR      | 6. BJARNI OG AGLA    |
| 2. HEKLÁ KATHARÍNA OG LILJA | 7. HANS ÞÓR OG SARA  |
| 3. RAGNHILDUR OG ÚLFUR      | 8. ÞORGEIR OG SNILLD |
| 4. BRYNJA OG GOÐI           | 9. KRISTÍN OG SANDRA |
| 5. HELGI OG HULD            |                      |

*Skeiðið var ekki síður spennandi og margir frábærir tímar náðust! Það var þó bara einn sem náði tíma undir 3 sek og meira að segja tveimur sprettum og það var Sigurvegarinn Þorgeir Ólafsson á Ögrunn frá Leirulæk fyrir lið FRIDHEIMA/SKÓLS.*

1. Þorgeir Ólafsson og Ögrunn frá Leirulæk
2. Þorgils Kári og Gjóska frá Kolsholti 3
3. Þórarinn Ragnarsson og Hákon frá Sámsstöðum
4. helgi Þór Guðjónsson og Vænting frá Sturlureykjum
5. Reynir Örn Pálmason og Skemill frá Dalvík
6. Rósa Birna og Bragi frá Skriðu
7. Thelma Dögg og Sirkus frá Torfunes
8. Jón William og Vaka frá Ásbrú
9. Bjarni Sveinsson og Sturla frá Bræðratungu
10. Hekla Katharína og Jarl frá Árbæjarhjáleigu II

*Nokkrar sviptingar urðu á röðun efstu knapa og liða í samanlögðum stigum en efstu sætin héldust þó óbreytt frá síðasta móti.*

*Hér má sjá 10 efstu í einstaklingskeppninni eftir veturinn :*

	<b>KNAPI/LIÐ</b>	<b>STIG</b>
1	Þorgeir Ólafsson FRIDHEIMAR/SKJÓL	71
2	Hekla Katharína Kristinsdóttir ÁRBÆJARHJÁLEIGA	67
3	Helgi Þór Guðjónsson KÍLHRAUN	64
4	Rósa Birna Þorvaldsdóttir KÍLHRAUN	63
5	Ragnhildur Haraldsdóttir KÍLHRAUN	58
6	Reynir Örn Pálmason STORM RIDER	54
7	Brynja Amble STORM RIDER	46
8	Jón William Bjarkason MEISTARI LOFTUR	44
9	Bjarni Sveinsson ÁRBÆJARHJÁLEIGA	41,5
10	Þórarinn Ragnarsson STORM RIDER	38

Liðakeppnin var ekki síður spennandi. Lið **STORM RIDER** átti gott kvöld og varð stigahæsta liðið bæði í tölti og skeiði. Það var því ljóst að hörð atлага var gerð að fyrsta sætinu. Lið **ÁRBÆJARHJÁLEIGU** endaði í þriðja sæti, lið **STORM RIDER** stókk upp í annað sæti en það varð að lokum lið **KÍLHRAUNS** sem stóð uppi sem sigurvegari eftir gott gengi í öllum greinum vetrarins.

1. KÍLHRAUN 185 STIG
2. STORM RIDER 181,5 STIG
3. ÁRBÆJARHJÁLEIGA 162 STIG
4. FRÍÐHEIMAR/SKJÓL 149,5 STIG
5. MEISTARI LOFTUR 88,5 STIG
6. BALDVIN OG ÞORVALDUR 84,5 STIG
7. BREKKA/HJARÐARHOLT/MIDENGI 69,5 STIG

Framkvæmdanefnd þakkar kærlega öllum sem að deilinni komu fyrir skemmtilegan vetur. Styrktaraðilum fyrir stuðninginn, áhorfendum og dómurum og öðru starfsfólki fyrir sitt framlag og að lokum knöpum fyrir frábæra skemmtun og innilega til hamingju með frábæran árangur.



### **BREKKA - HJARÐARHOLT - MIDENGI**



# UPPSVEITAEILD LOGA, SMÁRI OG TRAUSTA



STIGAHESTA LIÐ UPPSVEITAEILDARINNAR 2  
KILHRALIN



SMÁRI  
LÓRÍÐUR  
LÓRÍÐUR  
LÓRÍÐUR  
LÓRÍÐUR

*Ítarlegri úrslit og myndir má finna á facebook síðum*

*Uppsveitadeildar sem og síðum hestamannafélaganna.*



**upsveitadeildin2020**



TRAUSTA  
LÓRÍÐUR  
LÓRÍÐUR  
LÓRÍÐUR  
LÓRÍÐUR



LOGI  
LÓRÍÐUR  
LÓRÍÐUR  
LÓRÍÐUR  
LÓRÍÐUR

# 80

## STAÐIR

UM LAND ALLT



# EIMSKIP

Flytjandi



### PARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

**EIMSKIP**  
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is